

um menntun stjórnenda smábáta.

Flm.: Gunnar G. Schram, Pétur Sigurðsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um samræmda kennslu og próf stjórnenda allra skráðra smábáta annarra en fiskibáta. Skulu lögin miða að því að stjórnendur þessara báta hafi skipstjórnarréttindi.

#### Greinargerð.

Það er ljóst að áhugi Íslendinga á siglingum á skemmtibátum hefur aukist mjög á síðustu árum. Þar er bæði um að ræða siglingar á vélbátum og seglbátum. Þá hefur það aukist að ferðast sé á slíkum bátum milli Íslands og annarra landa. Á öðrum skipum en skemmtibátum þurfa skipstjórnarmenn að hafa hið meira fiskimannapróf til slíkra ferða.

Fæstir þeirra sem eiga skemmtibáta eru vanir sjómennsku og þurfa því að fá fræðslu í sjómennsku og siglingafræði auk þess sem nokkur þekking í veðurfræði er nauðsynleg fyrir þann sem á sjóinn fer.

Eðlilegt má teljast að málum þessum sé skipað með lögum. Yrði þar fjallað um samræmt námsefni og próf undir opinberu eftirliti fyrir stjórnendur skemmtibáta. Með lagasetningunni yrði gert ráð fyrir því að stjórnendur allra skráðra skemmtibáta hefðu skipstjórnarréttindi. Verður það að teljast eðlilegt með tilliti til krafna sem gerðar eru til stjórnenda annarra farartækja, svo sem flugvéla og bifreiða. Mjög er algengt að stjórnendur skemmtibáta taki með sér farþega til lengri og skemmri sjóferða. Líklegt má telja að farþegar geri sér ekki grein fyrir því að ekki séu gerðar kröfur til kunnáttu hjá viðkomandi stjórnanda.

Lög um þessi efni eru því fyrst og fremst til þess að auka öryggi sæfarenda almennt. Þá er einnig eðlilegt að stjórnendur skemmtibáta geti öðlast réttindi og lokið viðurkenndum prófum á þessu sviði án þess að tekið sé mið af kröfum til atvinnuréttinda skipstjórnarmanna. Eðlilegt er talið að lög þessi taki til allra stjórnenda skráðra skemmtibáta, bæði vélbáta og seglbáta. Gæta þyrfti þess að lög þessi færu ekki í bága við lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og rýrðu ekki á nokkurn hátt gildi slíkra réttinda.

Á síðustu árum hefur smábátum í eigu landsmanna fjölgað verulega.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa, er sérhvert skip, sem er sex metrar á lengd eða stærra, skráningarskyld eftir lögnum þegar eignarrétti er svo háttáð sem þar er nánar greint. Þá getur siglingamálastjóri skv. 3. gr. sömu laga ákveðið að hve miklu leyti för eða tæki, sem á sjó fljóta en eru ekki knúin af hreyfiafli af þeim sjálfum, skuli tekin af skipaskrá. Hægt er að fá skráða báta sem ekki ná sex metrum.

Með því að taka skip á skipaskrá með þessum hætti er komið á nauðsynlegu opinberu eftirliti með öllum þeim skipum er ætla má að séu notuð til ferðar á sjó.

Samkvæmt 7. gr. laga um skráningu skipa gefur siglingamálastjóri út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa skráðum skipum sem eru stærra en 15 metrar á lengd.

Fyrir skráð skip minni en 15 metra er því aðeins gefið út skrásetningarskírteini að skipið fari milli Íslands og annarra landa. Í þeim tilvikum eru gefin út bæði þjóðernis- og skrásetningarskírteini.

Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini skal meðal annarra atriða greina „nafn skipstjóra og skipstjórnarheimild, hvenær hún er dagsett og hvar gefin út“. Hvergi er í lögum getið hvers konar skipstjórnarheimildar hér er krafist.

Í lögum nr. 112 frá 1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, segir í 1. gr.: „Hver íslenskur ríkisborgari, sem fullnægir skilyrðum laga þessara um menntun, siglingatíma, aldur og heilsufar, á rétt á að fá útgefið atvinnuskírteini og stunda samkvæmt því atvinnu sem skipstjórnarmaður á íslenskum skipum.“ Í IV. kafla laganna, sem ber yfirskriftina „Um atvinnuréttindi skipstjóra“, eru greind í 7. gr. þau skilyrði sem uppfylla þarf til að geta öðlast réttindi sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 rúmlestir eða minna. Í 8. gr. laganna eru ákvæði um skilyrði til að öðlast skipstjóraréttindi á stærra skipum en 30 rúmlestir. Með tilliti til heitis IV. kafla og laganna í heild *verður að telja að þau eigi aðeins við þau tilvik er menn vilja öðlast atvinnuréttindi sem skipstjórnarmenn á íslenskum skipum.*

Eftir stendur að ekki eru í lögum bein ákvæði um að skipstjórnarréttinda sé krafist af skipstjórnarmönnum skráningarskyldra smábáta sem notaðir eru til siglinga við strendur landsins, til skemmtunar eða í öðru skyni. Er vafasamt hvort hægt sé að gera kröfu til skipstjórnarréttinda samkvæmt lögum nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, til þeirra skipstjórnarmanna skemmtibáta sem sigla milli Íslands og annarra landa.